

✉ Re: Umsagnarbeiðni vegna aukinnar framleiðslu í eldisstöð að Fiskalóni

Búið til	21.4.2021 20:20:33
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	21.4.2021 20:20:31
Tilheyrir	📁 202104-0001 - Umsagnarbeiðni vegna aukinnar framleiðslu í eldisstöð að Fiskalóni í Ölfusi.

Efni

Re: Umsagnarbeiðni vegna aukinnar framleiðslu í eldisstöð að Fiskalóni

Upplýsingar

Sent	21.4.2021 20:20:31	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	Jon.A.Jonsson@skipulag.is, skipulag@skipulag.is

Innihald

Tilvísun í mál nr.: 202104-0001 og 202104-0002 (LÁ)

Í bréfi frá Skipulagsstofnun, dags. 31. mars 2021, er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tilkynningu framkvæmda vegna aukinnar framleiðslu í eldisstöðvunum á Fiskalóni og á Bakka í sveitarfélaginu Ölfusi.

Í tilkynningu framkvæmda fyrir báðar eldisstöðvarnar stendur: „Tilkynning þessi nær til breytinga á eldisfyrirkomulagi þar sem til stendur að nýta eldisstöðina með þeim hætti að um verði að ræða lotuskipt eldi með 100 tonna hámarkslífmassa. Framleiðsla getur verið breytileg milli ára, en hér er horft til framleiðslu á 200 tonnum.“ Í kjölfar ákvörðunar Skipulagsstofnunar í desember 2019 voru gefin út starfs- og rekstrarleyfi þar sem heimild er veitt fyrir 100 tonna framleiðslu á ársvísu og 100 tonna lífmassa. Áætluð vatnsnotkun er óbreytt, engar breytingar eru á mannvirkjum eða nýtingu landsvæðis og starfsemin er í samræmi við aðalskipulag sveitarfélagsins Ölfus.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir báðar tilkynningarnar, og þar sem um er að ræða nær sömu framkvæmd, þ.e. aukning á framleiðslu í 200 tonn, skilar stofnunin inn einni og sömu umsögn fyrir Fiskalón og Bakka.

Náttúrufræðistofnun vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Í nýlegu álit Skipulagsstofnunar, dags. 19. apríl 2021, um mat á umhverfisáhrifum vegna framleiðslu á laxi og laxaseiðum í eldisstöð Laxa Eignarhaldsfélags hf. við Laxabraut, Þorlákshöfn, er horft til samlegðaráhrifa og varðar annars vegar losun næringarefna og fòðurs og hins vegar áhrif vatnstöku á grunnvatnsstöðu. Náttúrufræðistofnun tekur undir álit Skipulagsstofnunar að fylgjast þarf náið með þessum þáttum og

samlegðaráhrifum þeirra. Eins tekur stofnunin undir mikilvægi þess að sett séu skilyrði fyrir mótvægisáðgerðum til að standa vörð um gæði vatnshlots og telur að þetta eigi einnig við um eldisstöðvarnar Fiskalón og Bakka í Ölfusi.

Eins og fram kemur í tilkynningu um framkvæmdir eru mikilvæg fuglasvæði á Suðurlandsundirlendinu (<https://www.ni.is/node/16184> (<https://www.ni.is/node/16184>)), Varmá og Ölfusforir eru á náttúruminjaskrá (nr. 751) og á vef Umhverfisstofnunar stendur: „*Ölfusforir eru víðáttumiklar, blautar engjar með miklu og fjölskrúðugu fuglalífi. Varmá hefur mikið vísindalegt gildi.*“ Þá hefur Náttúrufræðistofnun sett fram tillögur um svæðið Ölfusforir-Ölfusárós á B-hluta náttúruminjaskrár þar sem forsendur fyrir vali eru: „*Eitt stærsta og frjósamasta votlendissvæði landsins með mjög gróskumiklum mýrum og flæðingjum. Forgangslandvistgerðir er gulstararflóavist.*“ (<https://www.ni.is/greinar/su-olfusforir-olfusaros>) (<https://www.ni.is/greinar/su-olfusforir-olfusaros>)).

Í tilkynningu um framkvæmd er lýst hvernig mýrin vestan Ölfusá og skurðakerfi hennar verður notuð til að hreinsa frárennslisvatn enn frekar áður en það rennur út í Ölfusá. Þar stendur:

- Eldisstöðin við Fiskalón er staðsett í jaðri mýrlendis sem nær að bökkum Þorleifslækjar, sem síðan rennur í Ölfusá. Frárennslis stöðvarinnar rennur um mýrina, í ós Þorleifslækjar og Ölfusár og til sjávar og á leið sinni fer það um flókið skurðakerfi mýrarinnar. Gert er ráð fyrir að lífræn næringarefni setjast til í mýrinni og eykst virkni mýrarinnar með auknu frárennslis og upptaka næringarefni verður meiri (bls. 13). Á bls. 14 stendur: „*Magn næringarefna í vatninu, þegar það að lokum rennur í ós Þorleifslæks eða Ölfusár, yrði því léttvægt þegar horft er til heildarmagns áburðarefna, niturs og fosfórs, sem berast á vatnasvæðið frá mýrinni.*“
- Afrennslis frá seiðaeldisstöðinni á Bakka dreifist um mýrina og rennur síðan í Þorleifslæk og Ölfusá (bls. 11). Á bls. 12 stendur: „*Minnsta rennslis er í skurðinum með stystu leið til Þorleifslækjar, næst minnsta rennslis í næst styðstu leiðinni og mest af vatninu rennur eftir stærsta skurðinum sem endar í ósi Ölfusár, sem er síður viðkvæmur viðtaki. Meira vatn þrýstist inn í hliðarskurði úr þessum aðalæðum þegar rennslis eykst.[...] Vatnið leitar einnig í ýmsum krókaleiðum í gegnum mýrina á löngum tíma með tilheyrandi upptöku næringarefna. Gróft skurðakerfi mýrarinnar er um 15 km, en þar eru að sjálfsögðu einnig minni lænur. Fari vatnið eðlilegustu leiðina um sex km er útrennslis í Þorleifslæk þar sem hann rennur í ósa Ölfusár.*“

Náttúrufræðistofnun telur að gera þurfi betur grein fyrir því hvaða gögn eða rannsóknir liggja á bak við afrennslis eldisstöðvanna um skurðakerfi mýrarinnar og upptöku næringarefna, eins og það er sett fram í tilkynningu. Hvað er afrennslis mikið þegar það fer út í mýrina á hvorum stað? Hvernig er með núverandi gæði vatnshlots í skurðum mýrarinnar? Kanna þarf áhrif afrennslis eldisstöðvanna á lífríki svæðisins eftir því sem það rennur um skurðakerfi mýrarinnar og út í ósa Ölfusár sem eru á náttúruminjaskrá. Þá þarf einnig að koma fram hvort lyfja- og efnanotkun vegna sjúkdómavarna í eldisstöðvunum geti mögulega skilað sér út með afrennslis og hvort þau geti haft umhverfisáhrif.

Vatnshreinsun fer víða fram í stórborgum erlendis og veltir Náttúrufræðistofnun því fram til umhugsunar hvort eldisstöðvar eins og Fiskalón og Bakki, sem hafa nú þegar sett upp öfluga hreinsibúnaði á frárennslis, geti tekið skrefið lengra og komið upp vatnshreinsun með einskonar hringrásarkerfi þannig að vatn eldisstöðvarinnar verði endurnýtanlegt, afrennslis lítið sem ekkert og þannig lágmarkað umhverfisáhrif.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við framangreinda tilkynningu.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....
 Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
 Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
 Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Jón Ágúst Jónsson" <Jon.A.Jonsson@skipulag.is>
To: "olfus@olfus.is" <olfus@olfus.is>; "fiskistofa" <fiskistofa@fiskistofa.is>; "hafogvatn@hafogvatn.is" <hafogvatn@hafogvatn.is>; "mast@mast.is" <mast@mast.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>
CC:
Subject: Umsagnarbeiðni vegna aukinnar framleiðslu í eldisstöð að Fiskalóni
Date: 31.3.2021 13:41:11

Ágæti umsagnaraðili,

Umsagnarbeiðni þessi er eingöngu send rafrænt á eftirfarandi aðila; Sveitarfélagið Ölfus, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun, Matvælastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun.

Laxar Fiskeldi ehf. hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu móttekin 31. mars 2021, um aukna framleiðslu í eldisstöð að Fiskalóni í Sveitarfélaginu Ölfusi skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum er hér með óskað eftir umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort umsagnaraðili telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Umsögn óskast send Skipulagsstofnun fyrir 21. apríl 2021 á skipulag@skipulag.is (mailto:skipulag@skipulag.is) og jonagust@skipulag.is (mailto:jonagust@skipulag.is).

Kveðja,

Jón

Jón Ágúst Jónsson

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland

sími 595 4100

Jon.A.Jonsson@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun

Viðhengi

image001.png (5 KB)

